

Til kjörinna fulltrúa á Kirkjubing og annarra sem málið varðar.

Umsögn um 26. mál Kirkjubings 2021-2022 frá Þorgeiri Arasyni, sóknarpresti Egilsstaðaprestakalls

Egilsstöðum, 14. október 2021

Ég undirritaður prestur geri eftirfarandi athugasemdir við 26. mál Kirkjubings:

1) Núverandi fyrirkomulag prestsþjónustu Þjóðkirkjunnar gerir ráð fyrir að hluti af launum presta, þ.e. gjaldskrárskyldar greiðslur vegna skírna, ferminga, útfara og hjónavígslna (aukaverka presta), sé innheimtur beint af prest, og sú sem þjónustunnar beiðist greiði fyrir hana. *Með þessari tillögu er einfaldlega gert ráð fyrir að þessi hluti af launakjörum presta sé felldur niður og hvergi getið um að nokkur önnur kjarauppbót komi í staðinn. Ekki veit ég um neina starfsstétt með snefil af sjálfsvirðingu sem myndi fella sig við slíkt.* Óljós yrðing í greinargerð um að flutningsmenn „telji rétt“ að ræða málið við Prestafélag Íslands, þá væntanlega eftir samþykkt tillögunnar, er merkingarlaus í þessu samhengi.

2) Ég lýsi mig samþykkan því meginmarkmiði tillögunnar að þjónusta Þjóðkirkjunnar sé „sem mest án hindrana fyrir fólk“ og að því leyti megi líta á niðurfellingu gjaldskrár sem eðlilegt markmið til framtíðar. Ekki er þó hægt að samþykkja almenna niðurfellingu á gjaldskrárskyldum greiðslum nema ljóst sé með hvaða hætti tekjutap þeirra starfsmanna, sem þessum verkefnum sinna, verði bætt.

3) Ég lýsi mig samþykkan því sjónarmiði tillögunnar að leggja áherslu á afnám greiðslna fyrir skírarnir. Það er í samræmi við áherslu Þjóðkirkjunnar á barna- og æskulýðsstarf og það meginsjónarmið lútherskrar guðfræði að skírn og altarisganga séu sakramenti – náðarmeðul og sérstakir leyndardómar – kristinnar trúar, auk þess sem fækkun skírna er okkur mörgum í Þjóðkirkjunni áhyggjuefni. Sjálfur er ég í hópi þeirra mörgu presta sem hafa tekið sjálfstæða ákvörðun um að rúka ekki fyrir skírarnir á þessum forsendum. Það er okkur í sjálfvald sett að taka ákvörðun um að sleppa innheimtu og geta þannig lagt okkar lóð á vogarskálarnar í þessum efnunum. *Það þýðir hins vegar alls ekki að hægt sé að taka stjórnvaldsákvörðun innan Þjóðkirkjunnar um afnám skírnargreiðslna, frekar en nokkurra gjaldskrárskyldna greiðslna fyrir prestsverk, án þess að önnur kjarauppbót komi í staðinn.*

4) Ég geri alvarlega athugasemd við þá tillögu að verði gjaldskrá felld niður muni sá sem þjónustunnar beiðist eftir sem áður eiga að greiða aksturskostnað prests. Aksturskostnaður prests vegna aukaverka innan prestakalls er einfaldlega „landsbyggðarskattur,“ þ.e. dæmi um gjaldtöku sem fyrst og fremst beinist að þeim sem búa til sveita og í smærri byggðarlögum þar sem prestur í prestakallinu er ekki búsettur. Í mörgum þessara byggðarlaga hafa prestaköll/prestssetur þegar verið lögð niður og sameiningar prestakalla átt sér stað, þ.e. þjónusta Þjóðkirkjunnar hefur þá þegar verið dregin saman á þeim stöðum. Sem dæmi úr mínu eigin prestakalli má nefna að yrði þessi tillaga samþykkt óbreytt myndi athöfn í Egilsstaðakirkju eða Seyðisfjarðarkirkju kosta 0 kr. (rétt eins og t.d. í sóknarkirkju á höfuðborgarsvæðinu) en sama athöfn í Bakkagerðiskirkju, þ.e. á þéttbýlisstaðnum Borgarfirði eystra, sem var raunar sérstakt prestakall til ársins 2000, myndi kosta 16.800-22.800 kr. (eftir því hvaða prestur í Egilsstaðaprestakalli gæti tekið athöfnina að sér). Nær væri að fella niður það óréttlæti, sem núverandi aksturskostnaðarreglur fela í sér gagnvart hluta íbúa landsbyggðarinnar, en að auka við það. (Tekið skal fram að þessari athugasemd minni er fyrst og fremst beint að þjónustu, sem prestur í prestakalli innir af hendi við sín sóknarbörn. Ef óskað er þjónustu utanaðkomandi prests er ekki óeðlilegt að mínu mati að ferðakostnaður sé greiddur.)

5) Í greinargerð með tillögunni er vísað í nýsamþykktan kjarasamning þK við PÍ og sagt: „Laun presta samkvæmt kjarasamningnum verða að teljast ágæt með hliðsjón af launum allra þeirra sem eru í BHM.“ Nú er það svo að umræddur kjarasamningur er eðlilega undir áhrifum frá fyrra launakerfi presta, þ.e. úrskurðum Kjararáðs. Samkvæmt því launakerfi er fyrst og fremst gert ráð fyrir grunnlaunum og einingagreiðslum með

hliðsjón af breytum á borð við fjölda íbúa og fjölda sókna í prestakalli. Sé það nú sérstakur vilji Kirkjubings að bera laun presta saman við „laun allra þeirra sem eru í BHM“ hlýtur það að kalla á heildarendurskoðun á launakerfi félagsmanna PÍ. *Ekki er eðlilegt að nota samanburð við almenn laun innan BHM í umræðu um einn stakan þátt í launakjörum presta, án þess að ætla sér að endurskoða launakerfið í heild til samræmis við almenn laun innan BHM.*

Við slíka endurskoðun gætu grunnlaun presta vissulega lækkað til samræmis við meðallaun BHM-félaga með MA/MS-próf eða sambærilegt nám. En hins vegar þyrfti þá einnig að taka með í reikninginn unnar yfirvinnustundir umfram 36 klst. á viku, kvöld-, nætur- og helgarvinnutaxta, stórhátíðarálag, greiðslur fyrir bakvaktasíma, útköll o.s.frv. auk röðunar í launabrep í samræmi við starfsaldur, framhaldsnám og fleiri þætti. – Ég hef raunar ekki þá trú að slík endurskoðun yrði Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu hagfelld nema grípa ætti til yfirvinnupaks með tilheyrandi skerðingu á þjónustu. Svo ég grípi aftur til dæmis úr eigin starfi má nefna, að í nýliðinni vinnuviku, 3.-9. október 2021, voru vinnustundir mínar alls 67, þar af 16 vegna aukaverka presta (skírn og hjónavígslur m/undirbúnings- og aksturstíma).

6) Í greinargerð með 26. máli er sérstaklega vísað til að gjaldtaka vegna aukaverka feli í sér „fráhrindandi ásýnd kirkjulegrar þjónustu...“ einkum „þegar um efnalítið fólk er að ræða.“ *Nú veit ég ekki til þess að prestar gangi almennt hart eftir innheimtu á aukaverkagreiðslum, allra síst meðal efnalítilla.* Þannig er það a.m.k. ekki í mínu tilviki eða meðal minna nánustu samstarfsmanna og vina meðal presta. Við sem þjónum á landsbyggðinni þekkjum t.d. mörg hver ágætlega til aðstæðna okkar sóknarbarna og í sumum tilfellum metur prestur það vissulega sem svo að heppilegast sé að senda ekki reikning. Þá má sem dæmi nefna að í Egilsstaðaprestakalli höfum við, eins og eflaust mörg önnur, haft þá venju á hausti, þegar fermingarundirbúningur vetrarins er kynntur fyrir væntanlegum fermingarbörnum og forráðamönnum, að biðja fólk að hafa samband ef illa stendur á varðandi greiðslu fyrir fermingarfræðsluna og/eða dvalargjald í fermingarbúðum. Þá er fundin lausn á því sem oft felst nú einfaldlega í að innheimtu er sleppt – einmitt í ljósi þess að „vígð þjónusta á ávallt að vera grundvölluð á kristilegum kærleika“ svo vitnað sé í greinargerð 26. máls. Sá kærleikur felur hins vegar alls ekki í sér að vinna okkar presta sé verðlögð á núlli (og e.t.v. þar með metin að engum verðleikum?) gagnvart þeim þorra fólks sem sannanlega hefur tök á að greiða fyrir umbeðna prestsþjónustu.

7) *Loks undrar mig að niðurfelling gjaldskrár sé lögð til án tillits til Þjóðkirkjuaðildar þess sem óskar eftir viðkomandi prestsverki.* Sé það á annað borð vilji Kirkjubings að leita leiða til að fella niður gjaldskrárskyldar greiðslur vegna prestsverka hlýtur að vera eðlilegt að umbuna þá fyrst og fremst þeim sem kjósa að vera í Þjóðkirkjunni með slíku gjaldskrárfrelsi. Í fjölmörgum félagasamtökum tíðkast að meðlimir njóti með einhverjum hætti sérstakra kjara á þeirri þjónustu sem félagið býður upp á. Sem dæmi má nefna að félagar í félagasamtökum sem ráða yfir salarkynnum leigja gjarnan húsnæði félagsins á öðru verði en utanaðkomandi aðilar. Ekkert er óeðlilegt við þá ráðstöfun, enda leggja þeir einstaklingar til félagsins með sinni aðild, rétt eins og félagar í Þjóðkirkjunni láta sitt sóknargjald renna til sinnar sóknar. Eðlilegt er að fólk, sem á annað borð vill nýta sér þjónustu Þjóðkirkjunnar, sjái hag sinn með einhverjum hætti í aðild að trúfélaginu okkar.

Með þakklæti fyrir lesturinn, vinsemd og virðingu

Þorgeir Arason, sóknarprestur Egilsstaðaprestakalls